

VERKLAG UM LEGHÁLSSKIMANIR (PAP-STROK)

Sýnataka fer fram á öllum heilsugæslustöðvum á landinu og hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum. Sýnaglösín sem notuð eru heita Surepath og er mikilvægt að sýnatöku burstinn sé skilinn eftir í sýnaglasinu.

Sýnin eru send á Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) sem sér um að strikamerkja sýni og senda út til Hvidovre 1 x í viku. Áætlað er að sýnin verði send út á mánudögum. Sýni þurfa því að berast til SKS á fimmtudegi til að hægt sé að merkja, skrá og pakka þeim fyrir næsta flutning út. SKS sér öllum fyrir sýnatökusetti og sér um að nóg sé til af þeim. Búið er að fá 20.000 sýnaglös til landsins.

Svartími sýna: Eftir að sýni kemur inn á rannsóknarstofuna í Hvidovre eru 20 dagar í að svar berist til Íslands og því ætti svartími fyrir konuna ekki að vera meiri en 3-4 vikur.

Svar til konunnar: upplýsingar um niðurstöðu sýna eru sendar konunni á island.is. Embætti landlæknis sér um að setja niðurstöður inn í skimunarskrána tímabundið.

Svar til lækna: Svör fyrir eðlileg sýni koma á lista 1 x í mánuði í pósti. Embætti landlæknis sendir svör fyrir óeðlileg sýni tímabundið í gegnum örugga veflausn sem heitir „signed transfer“ Signed transfer virkar þannig að læknir fær tölvupóst um að eiga skilaboð. Í póstinum er hlekkur sem læknir opnar, fer inn á rafrænum skilríkjum og getur prentað út eða vistað listann með svörum. Ekki er hægt að opna hlekkinn nema 1 x fyrir hverja konu. Þetta fyrirkomulag er tímabundið meðan unnið er í rafrænum lausnum, en stefnt er að því að hver læknir fái rafrænan vinnulista, sennilega inn á skimunarskránni hjá embætti landlæknis. En það verður kynnt þegar það er tilbúið.

Leghálsspeglun: Senda þarf tilvísun í gegnum heilsugátt á kvennadeild LSH (einnig hægt að panta hjá þeim kvensjúkdómalæknum sem gera leghálsspeglanir á sínum stofum). SKS sér um að senda tilvísun fyrir heilsugæsluna en sérfræðilæknar sjá um að senda tilvísun fyrir sínar konur. Hægt er að sjá staðfestingu á að tilvísun sem send er á LSH hafi verið samþykkt í heilsugáttinni. Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) tekur á móti tilvísun í leghálsspeglun í gegnum sögukerfið.

Eftir leghálsspeglun/keiluskurði: Svör og ráðleggingar um eftirfylgni koma frá framkvæmdaraðila sem gerir speglunina og er svarið sett inn í skimunarskrána. SKS mun sjá um að setja inn í skimunarskrána öll svör eftir leghálsspeglanir/ keiluskurði tímabundið eða þar til Embætti landlæknis hefur veitt framkvæmdaðilum aðgang að skimunarskrá.

Svar til konunnar: Hringt í konu eða sent bréf um niðurstöður úr leghálsspeglun/keiluskurði og eftirfylgni kemur inn á island.is innan 3 vikna frá rannsókn.

Svar til lækna/SKS: Tilvísandi fær læknaþréf um niðurstöðu leghálsspeglana/keiluskurða. SKS mun sjá um að setja inn í skimunarskrána öll svör eftir leghálsspeglanir/keiluskurði tímabundið eða þar Embætti landlæknis hefur veitt framkvæmdaðilum aðgang að skimunarskrá. Mikilvægt er að læknar sem framkvæma leghálsspeglanir upplýsi nákvæmlega hvernig eftirliti skuli háttað þannig að sá sem skráir niðurstöður í skimunarskrá sé ekki í neinum vafa um það.

Ef koma upp vafaatriði er hægt að hafa samband við Kristján Oddsson á Samhæfingarstöðinni. (kristjan.oddsson@heilsugaeslan.is) Unnið er í núverandi skimunarskrá sem komin er til ára sinna, en hægt er að treysta því að konur í eftirliti verða kallaðar inn eftir skimunarskránni.